

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

707. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 8. ágúst 2011 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við skólastjóra grunnskólans.

Afgreiðslur:

1. Skólastjóri grunnskólans er mættur til viðræðna við byggðarráð. Fulltrúar frá Fjölneti ehf. Pétur Ingi Björnsson og Gísli Sigurðsson eru mættir á fundinn. Farið yfir tilboð frá Fjölneti ehf. vegna rekstrar-og hýsingarþjónustu. Byggðarráð samþykkir að ganga til samninga við Fjölnet ehf. um rekstrar-og hýsingarþjónustu fyrir sveitarfélagið. Sveitarstjóra falið að undirrita samning þar að lútandi í samræmi við fyrirbyggjandi gögn.
Samþykkt að taka á dagskrá.
2. Umsóknir um starf fræðslu-og félagsmálastjóra. Borist hafa 6 umsóknir um starfið. Byggðarráð samþykkir að óska eftir því að félagsmálaráð og fræðsluráð fari sameiginlega yfir umsóknirnar og skili tillögu til byggðarráðs fyrir 11. ágúst n.k. um það hverja á að boða í starfsviðtal.
3. Lögð fram fundargerð 199. fundar skipulags-og umhverfisráðs. Fundargerð í 6 liðum. Afgreiðslu 2. liðar frestað, þar til tillaga umhverfisstjóra liggur fyrir. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir samhljóða.
4. Lögð fram til kynningar könnun SSNV um sameiningu sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:26

Stefán E. Böðvarsson

Sigurbjörg Jóhannesdóttir

Elín R. Líndal

Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri

Áheyrnarfulltrúi

Elín Jóna Rósinberg.